

## 224.fundur-12.ágúst 2004

Boðað var til fundarins með eftirfarandi dagskrá:

- 1) Þórólfur Halldórsson sýslumaður mætir á fund hreppsnefndar og fer yfir skotárás á Reykhólum 31. júlí sl. og viðbrögð löggæslu við henni.
- 2) Farið yfir fundargerð síðasta hreppsnefndarfundar sem haldinn var 11. júní 2004.
- 3) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 12. júlí 2004.
- 4) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 12. ágúst 2004 (dreift á fundinum)
- 5) Tillaga að samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða (síðari umræða)
- 6) Skýrsla um Flateyjarför sveitarstjóra, heilbrigðisfulltrúa, byggingarfulltrúa og oddvita 16.júní ásamt skýrslu heilbrigðisfulltrúa um seyrulosun í Flatey
- 7) Ágóðahlutagreiðsla EBÍ (Brunabót) 2004 (tilkynning)
- 8) Styrktarsjóður EBÍ 2004, erindi frá eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands
- 9) Bréfaskipti veðurstofustjóra og sveitarstjóra varðandi veðurathuganir á Reykhólum
- 10) Bréfaskipti Sparisjóðs Vestfirðinga og sveitarstjóra varðandi hraðbankamál
- 11) Bréf frá Knattspyrnusambandi Íslands varðandi umsókn um sparkvöll á Reykhólum
- 12) Bréfaskipti sveitarstjóra og svæðisstjóra Vegagerðarinnar í Borgarnesi.
- 13) Endurskoðunarskýrsla vegna hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar árið 2003
- 14) 49. fundur Breiðafjarðarnefndar 6.maí 2004 (fundargerð)
- 15) Bréf frá Lögmönnum Klapparstíg (afrit af stefnu v/slyss á Reykhólum 28.desember 1996)
- 16) Erindi frá sýslumanninum á Patreksfirði (óskað umsagnar um leyfi til reksturs gistiheimilis
- 17) Bréf frá Menningarsjóði félagsheimila (tilkynning um styrk)
- 18) Söfnun og endurnýting á heyrúlluplasti, erindi frá Úrvinnslusjóði
- 19) Bókun barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum (tilkynning)
- 20) Kjör fulltrúa og varafulltrúa á Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 3-4.september 2004 á Ísafirði
- 21) Önnur mál.

Fundurinn hófst kl. 15:05. Mættir Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir og Þórður Jónsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Guðmundur Ólafsson hafði boðað seinkun.

Oddviti setti fundinn og bauð sérstaklega velkominn Þórólf Halldórsson sýslumann.

Samþykkt að taka fyrir eftirfarandi önnur mál frá sveitarstjóra:

a) Munnlegt erindi frá Herði á Tindum. Hann segist vera að hugsa um að nýta borholu á Kletti. Vill vita hvernig hreppurinn muni taka þátt í kostnaði.

b) Skriflegt erindi frá fjórum sauðfjárbændum í hreppnum sem hafa áhuga á að bæta aðstöðuna við sundurdrátt í Kinnarstaðarétt.

c) Kynning á skákmóti í Flatey sunnudaginn 22. ágúst (samvinna Reykhólahrepps, Stykkishólmsbæjar og skákfélagsins Hróksins). Óskað eftir að hreppurinn kosti bátsferð fram og til baka á milli Staðarhafnar á Reykjanesi og Flateyjar.

Þetta gerðist:

1) Skotárás á Reykhólum 31. júlí 2004 og viðbrögð löggæslu við henni. Oddviti gaf sýslumanni orðið. Sýslumaður gat þess að takmarkanir væru að lögum um hvað hann mætti tjá sig um málefni sakbornings. Þessu máli myndi sennilega ljúka með ákæru. Hann gæti hins vegar tjáð sig almennt um málið.

Fyrsta tilkynning barst kl. 10:30 31. júlí og var svarað á Ísafirði, enda sá lögreglan á Ísafirði um svörun fyrir öll embætti á Vestfjörðum á þessum tíma. Ísafjarðarlögreglan lét Patreksfjarðarlögreglu vita en þar voru reyndar allir lögreglumenn sofandi á þessum tíma. Þá voru liðnir 5-6 tímar frá skotárásinni og upplýsingar nokkuð óljósar. Þegar lögreglaner komin í Skálanes fær hún að vita hver hugsanlega sé valdur að skotárásinni. Þá er ákveðið að kalla til sérsveitina samkv. ákveðnum verklagsreglum. Þegar sérsveitin kemur á staðinn kemst hún að því að húsið er mannlaust. Í ljós kom síðar að maðurinn sem skaut var kominn til Reykjavíkur kl. 9 um morguninn, einum og hálfum tíma áður en um árásina var tilkynnt. Það var mat lögreglu að það dygði að sérsveitin kæmi faliðuð og akandi.

Oddviti benti á að það hefði komið íbúum á óvart að lögregla skyldi ekki bæja fólki frá húsinu.

(Guðmundur Ólafsson mætti á fundinn kl. 15:30)

Rætt almennt um löggæslumál á svæðinu. Sýslumaður sagðist telja allra best að lögregluþjónn væri staðsettur á Reykhólum. Sýslumaður afhenti viljayfirlýsingu um samstarf lögreglu og sveitarstjórna og lagði til að sveitarstjórn eða fulltrúar hennar funduðu með sýslumannsembættinu á Patreksfirði og ræddu framtíðarskipulag þessara mála.

Oddviti þakkaði sýslumanni skýr og greinargóð svör. Sýslumaður yfirgaf nú fundinn.

2) Sveitarstjóri renndi yfir fundargerð síðasta hreppsnefndarfundar sem haldinn var 11. júní 2004.

3) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 12. júlí 2004. Sveitarstjóri dreifði enn fremur fundargerð sem haldin var þegar tilboð voru opnuð í jarðvinnu við íþróttahús 12. ágúst 2004. Um var að ræða lokað útboð. Tvö tilboð bárust og var Guðlaugur Theodórsson lægstbjóðandi. Fundargerð samþykkt.

4) Þessi liður féll niður vegna þess að fundi nefndarinnar var frestað.

5) Tillaga að samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða (síðari umræða). Samþykkt samhljóða.

6) Skýrsla um Flateyjarfyrir sveitarstjóra, heilbrigðisfulltrúa, byggingarfulltrúa og oddvita 16. júní ásamt skýrslu heilbrigðisfulltrúa um seyrulosun í Flatey.

Málefni Flateyjar rædd nokkuð. Sveitarstjóri lagði til að gerð yrði verkfræðiúttekt á frystihúsinu í Flatey, þ.e. hvort það væri ónýtt eða ekki og ef það væri ónýtt hvað kostaði að rífa það og fjarlægja. Samþykkt að safna saman frekari gögnum um málið og leggja fyrir næsta fund. Skýrslu um seyrulosun í Flatey þarf að kynna fyrir húseigendum í Flatey.

7) Ágóðahlutagreiðsla EBÍ (Brunabót) 2004 (tilkynning). Ágóðahluturinn í ár er kr. 966.000,- og hækkar verulega á milli ára.

8) Styrktarsjóður EBÍ 2004. Ákveðið að sækja um styrk til örnefnaskráningar í hreppnum.

9) Bréfaskipti veðurstofustjóra og sveitarstjóra varðandi veðurathuganir á Reykhólum. Hreppsnefnd ályktaði eftirfarandi:

"Hreppsnefnd lýsir yfir vonbrigðum með að mönnum veðurathugunarstöð á Reykhólum hafi verið lögð niður eftir margra áratuga rekstur. Þessi niðurstaða bitnar á öryggi sæfarenda og annarra og verður einnig til þess að enn fækkar opinberum störfum í sveitarfélaginu."

- 10) Bréfaskipti Sparisjóðs Vestfirðinga og sveitarstjóra varðandi hraðbankamál (tilkynning).
  - 11) Bréf frá Knattspyrnusambandi Íslands varðandi umsókn um sparkvöll á Reykhólum (tilkynning)
  - 12) Bréfaskipti sveitarstjóra og svæðisstjóra Vegagerðarinnar í Borgarnesi (tilkynning).
  - 13) Endurskoðunarskýrsla vegna hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar árið 2003.
  - 14) 49.fundur Breiðafjarðarnefndar 6.maí 2004 (fundargerð).
  - 15) Bréf frá Lögmönnum Klapparstíg (afrit af stefnu vegna slyss á Reykhólum 28.desember 1996). Tilkynning.
  - 16) Erindi frá sýslumanninum á Patreksfirði (óskað umsagnar sveitarstjórnar um rekstur gistiheimilis á Reykhólum). Umsögn hreppsnefndar er jákvæð.
  - 17) Bréf frá Menningarsjóði félagsheimila (tilkynning um styrk).
  - 18) Söfnun og endurnýting á heyrúlluplasti, erindi frá Úrvinnslusjóði. Vísað til umhverfis- og náttúruverndarnefndar.
  - 19) Bókun barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum (tilkynning). Barnaverndarnefndin leggur til við sveitarstjórnirnar þrjár sem nefndin heyrir undir að fallist verði á erindi Reykhóla- og Saurbæjarhrepps um samstarf í barnaverndarmálum.
- Sveitarstjóri upplýsti að allar nefndirnar þrjár hefðu nú fallist á erindið og lagið fram drög að samningi Ísafjarðarbæjar við Reykhólahrepp og Saurbæjarhrepp um samstarf í barnaverndarmálum. Hreppsnefnd fellst á drögin en telur hentugra að Ísafjarðarbær semji sérstaklega við hvort sveitarfélag um sig. Sveitarstjóra falið að leggja endanlegan samning fyrir næsta hreppsnefndarfund til samþykktar.
- 20) Kjör fulltrúa og varafulltrúa á 49.fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 3-4.september 2004 á Ísafirði. Gústaf Jökull Ólafsson kjörinn aðalfulltrúi og Egill Sigurgeirsson varafulltrúi. Sveitarstjóri sækir einnig fundinn.
  - 21) Önnur mál:
    - a) Munnlegt erindi frá Herði á Tindum. Hann sagðist vera að hugsa um að nýta borholu á Kletti. Vill vita hvernig hreppurinn muni taka þátt í kostnaði. Málið rætt en hreppsnefnd getur ekki afgreitt málið nema skriflegt erindi berist.
    - b) Skriflegt erindi frá fjórum sauðfjárbændum í hreppnum sem hafa áhuga á að bæta aðstöðuna við sundurdrátt í Kinnarstaðarétt. Erindið samþykkt samhljóða.
    - c) Kynning á skákmóti í Flatey, sunnudaginn 22. ágúst (samvinna Reykhólahrepps, Stykkishólmsbæjar og skákfélagsins Hróksins). Óskað eftir að hreppurinn kosti bátsferð fram og til baka á milli Staðarhafnar á Reykjanesi og Flateyjar skv. samkomulagi við Tryggva Gunnarsson. Samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:00

Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þórður Jónsson, Einar Örn Thorlacius